



SAMTALIÐ

Fréttabréf Afmælimóts SSR 2019
2. tölublað



LÆKKAÐ VERÐ!

Skráningu lýkur 16. júní - svo ekki missa af!

Mótsstjórn hefur ákveðið að lækka verðið samhliða styttingu á mótinu. Mótið verður nú frá föstudegi til sunnudags, 5.-7. júlí 2019.

Styttingin er gerð til að koma til móts við foringja sem eiga erfitt með að fara frá vinnu. Nýja verðið er 25.000 kr. og innifelur rútur, mat, gistingu, dagskrá og einkenni.



NÝTT MÓTSGJALD!

25.000 kr. fyrir mótið, sem innifelur rútur, mat, gistingu, dagskrá og einkenni. Þau sem þegar búið að greiða fá endurgreitt mismuninn!

	Föstudagur 5.júl	Laugardagur 6.júl	Sunnudagur 7.júl
08:00 - 10:00		Ræs Morgunmatur Fáni	
10:00 - 12:00	Opin dagskrá Tjaldbúðarvinna		
12:00 - 14:00	Hádegismatur		
14:00-17:00	Setning Valdagskrá	Valdagskrá Afmælishátíð	Slit Frágangur
18:00-19:00			
20:00-22:00	Stórleikur	Hátíðarvarðeldur Diskó	

ELDHEIT DAGSKRÁ Á ÚLFLJÓTSVATNI



Ertu eldhugi?

Á afmælistóti verður boðið upp á skátahreysti (Spejderman), þar sem þú getur sýnt fram á hreysti þína með því að hlaupa eins og vindurinn, synda eins og þorskurinn og klífa fjall, eins og fjallvanur, goretex-klæddur fjallaguide!



Einstakir eldleikar

Lærðu að spúa eldi, kasta eldkúlum, slökkva eld með munninum og ýmislegt fleira á eldleikum Afmælistóts!



Lazer Tag

Ertu skjótari en skugginn að skjóta? Leggðu andstæðingana að velli í lazer tag keppni á föstudeginum!

FJÖLSKYLDAN FÆR AÐ FARA MEÐ!



Skátaævintýrið er opið fyrir alla ættina!

Fjölskyldubúðir er rótgróinn þáttur á stórum skátamótum, að venju eru starfræktar sérstakar tjaldbúðir þar sem fjölskyldur skátanna, vandamenn og aðrir gestir mótsins geta sett niður tjaldið sitt, tjaldvagn eða fellihýsi og tekið þátt í Afmælistóttinu. Ekki þarf að tilkynna þátttöku í fjölskyldubúðum. Hægt er að dvelja í fjölskyldubúðum eins lengi og gestir óska þess.

Hluti af almennri dagskrá mótsins verður opin gestum fjölskyldubúða, má þar nefna opin dagskrá og kvöldvökur. En ekki nóg með það, það verður einnig í boði sérstök dagskrá fyrir fjölskyldubúðagesti! Þar má nefna skipulagðar gönguferðir, leiki og fleira.

Þátttakendur í fjölskyldubúðum annast sjálfir um matinn fyrir sig en mögulegt verður að kaupa aðgang að mótuneyti mótsins.



STAÐUR OG STUND

Mótið fer fram í
Útilífsmiðstöð skáta við
Úlfjótsvatn, 5.-7. júlí 2019.



ÞÁTTTAKENDUR

Allar fjölskyldur, eldri
skátar, ekki-skátar,
skátaunnendur,
skátaforvitin og fleiri!



MÓTSGJALD

Mótsgjald í
fjölskyldubúðum er 2.500
kr. fyrir 6 ára og eldri.
Að auki greiða gestir
tjaldsvæðisgjald
samkvæmt gjaldskrá
Úlfjótsvatns.

Hægt er að kaupa mat
úr mótuneyti mótsins á
1.500 kr.



SKRÁNING

Enginn skráningarfrestur -
bara mæta á staðinn!